



Fundur í stjórn Sunddeildar Umf. Selfoss 27. ágúst 2009

Mættir á fundinn voru: Guðmundur formaður, Guðbjörg gjaldkeri, Ingibjörg, Steinunn og Sigrún sem skrifaði fundargerð. Einnig voru þjálfarnir Bryndís og Hrafnhildur mættar.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Fjármál

- a) Farið var yfir rekstrarreikning fyrri hluta ársins, þ.e. jan. – júní, og rætt um að auka þurfi tekjur deildarinnar.
- b) Staða innheimtumála. Erfitt að innheimta gjöld fyrir skilti þegar þau eru ekki uppi við sundlaugina vegna framkvæmda og hafa ekki verið uppi síðan í janúar á þessu ári. Ákveðið að Guðmundur ræði þetta mál við Braga og hugsanlega hvernig hægt sé að bæta þetta tekjutap.
- c) Farið var yfir æfingagjöld hópa og ákveðin fyrir þá hópa sem verið var að bæta inn svo sem Titan-hóp sem æfir 5 sinnum í viku. Æfingagjöld Títan-hóps ákveðin 4.800 kr. á mánuði.
- d) Farið yfir fjámál tengd Þýskalandsför og uppgjöri lokið. Ferðin kom út á sléttu og hafa öll gjöld vegna ferðarinnar verið greidd. Allir ánægðir með þessa ferð.
- e) Fjáröflunarleiðir nýjar og gamlar. Farið var yfir helstu tekjuleiði í dag og aftur rætt um tap á peningum vegna skiltamála. Rætt um nýjar tekjuleiðir svo sem kökulottó sem Ingibjörg ætlar að finna útfærslu á. Mikilvægt er að virkja foreldraráð í þessa fjáraflanir. Auka þarf tekjur deildarinnar og var rætt um kökusölu til fyrirtækja tengt jólum og páskum.

3. Vetrarstarfið 2009-2010

- a) Farið yfir æfingatíma og sundmót vetrarins. Hóparnir heita nú Gull, Titan, Silfur, Brons, Kopar og Eir. Silfur og yngri æfa í sept. til nóv. og jan. til apríl. Aðrir hópar æfa sept.- júní.
- b) Verið er að kanna með ráðningu nýs þjálfara til þess að sinna einum yngri hópanna. Annars verða Bryndís og Hrafnhildur með aðra hópa.
- c) Útgáfa handbókar 2009-2010. Það þarf að gefa aftur út handbók því almenn ánægja er með hana.
Viðburðir vetrarins eru eftirfarandi:
7.-11. sept. Vinavika
Flöskusöfnun í sept., líklega 12.

2.-4. okt. Æfingabúðir á Borg
31. okt.- 1. nóv. Haustmót Fjölnis
Kökulottó í okt. Ódagsett

3. nóv. Þórðarmót

19.-22. nóv. ÍM 25
24. nóv. Innanfélagsmót

5. des. Unglingamót HSK

2010

2. jan. Flöskusöfnun

12.-14. feb. Gullmót KR
28. feb. Vetrarmót SH

6.-7. mars. Vormót Fjölnis
13. mars. Selfossmeistaramót
18.-21. mars. ÍM 50
Kökulottó fyrir páska

10.-11. apr. Sundmót Ármanns
17. apr. Innanfélagsmót
24.-25. apr. Bikarkeppni SSÍ
30. apr. Uppskeruhátíð á Hvolsvelli-allir hópar-reynt að bjóða upp á gistingu

1. maí. Aldursflokkamót HSK
8. maí. Flöskusöfnun
22. maí. Vormót Breiðabliks

1. júní Héraðsmót HSK
19.-20. júní. Ollamót Fjölnis
24.-27. júní. AMÍ Hafnarfirði

c) Farið var yfir iðkendafjölda en ekki eru allir búnir að skrá sig.

d) Rætt um foreldraráð og að það þarf að virkja

4. Guðmundur sagði frá fyrirtæki í USA sem prentar og lita á sundfatnað og ákveðið var að fá sýningareintök frá þeim send.
5. **Flöskusöfnun.** Ákveðið var að prófa að senda miða í hús en ekki poka og sjá hvort það hefði mikil áhrif á magn sem safnast. Kostnaður við flöskusöfnun er mikill.
6. **Önnur mál.** Farið var yfir útistandandi skuldir. Til eru fánar sem eru hjá Guðmundi. Hugmynd kom upp um að Árni smíði verðlaunapall.

Fundi slitið kl 22.

Sigrún Sunna Skúladóttir, fundarritari.